

Sjálfstæð búseta eldra fólks

Dvalarheimili aldraðra hafa verið lögð niður víðast hvar á Íslandi og áhersla lögð á það að eldra fólk geti búið sem lengst á eigin heimili með viðeigandi aðstoð frá ættingjum, vinum og opinberum aðilum. Dagdvöl/dagþjálfun aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Fólki er ekið til og frá eigin heimili og dvelur daglangt á öruggum stað, fær máltíðir, afþreyingu, þjálfun og aðra þá aðhlynningu sem nauðsynleg er hverju sinni. Ríkið deilir út dagþjálfunar rýmum og greiðir rekstraraðilum daggjöld sem eru mis há allt eftir því hvort um sé að ræða almenn rými eða rými fyrir einstaklinga með heilabilun. Neðangreindar upplýsingar eru fengnar hjá forstöðumönnum þeirra starfsstöðva sem um ræðir.

Dagþjálfunarúrræði í Hafnarfirði

Að Sólvangsvegi 2 er starfrækt dagþjálfun fyrir einstaklinga 67 ára og eldri. Samþykkt er fyrir 14 almennum rýmum, en engu fyrir fólk með heilabilun. 24 einstaklingar deila með sér þessum rýmum og mætir fólk frá tveimur og upp í fimm daga vikunnar. Allt er þetta fólk með lögheimili í Hafnarfirði og 70 % eru konur. Einungis í neyðartilfellum eru einstaklingar með heilabilun að nýta dagþjálfunarrými á Sólvangsvegi. Tíu einstaklingar eru á biðlista, en bið eftir plássi tekur að jafnaði einn til tvo mánuði. Rekstraraðili dagþjálfunarinnar í umboði Hafnarfjarðarbæjar er Sólvangur hjúkrunarheimili aldraðra í Hafnarfirði. Reksturinn er fjármagnaður með daggjöldum frá ríkinu. 18. júlí sl. sótti sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um að rýmum á Sólvangi yrði fjölgað úr 14 í 20 rými. Í umsókninni kom fram ósk um að hugsanleg viðbótarými yrðu eyrnamerkt heilabiluðum einstaklingum.

Að Hrafnistu í Hafnarfirði er dagdvöl fyrir einstaklinga 67 ára og eldri. Samþykkt er fyrir 26 almennum rýmum, en engu fyrir fólk með heilabilun. 70 einstaklingar deila með sér þessum rýmum og mæta þeir einn til fimm daga vikunnar. Tveir af þessum einstaklingum eru með lögheimili í Garðabæ á meðan hinir eru allir með lögheimili í Hafnarfirði og 70% eru konur. Einungis í neyðartilfellum eru heilabilaðir einstaklingar að nýta dagdvöl á Hrafnistu og þá gjarnan í bið eftir rými í Drafnarhúsi. Sjötíu einstaklingar eru á biðlista, en bið eftir plássi tekur að jafnaði tæp tvö ár. Rekstraraðili dagdvalarinnar er Hrafnista í Hafnarfirði. Reksturinn er fjármagnaður með daggjöldum frá ríkinu.

Drafnarhús í Hafnarfirði er dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun. Dagþjálfunin er rekin af Alzheimer samtökunum. Drafnarhús tók til starfa í janúar 2006. Drafnarhús hefur leyfi fyrir 22 rýmum í dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun. Í dag eru 26 einstaklingar skráðir í dagþjálfunina, sumir koma alla daga en aðrir tvo eða þrjá daga í viku. Af þeim 26 einstaklingum sem eru í dagþjálfun, eru 22 úr Hafnarfirði. Aldursdreifing í Drafnarhúsi er frá 60 til 90 ára. Meðal dvalartími er ca tvö ár. Meðaltími á biðlista er um 12 mánuðir.

Á árinu 2017 voru 40 einstaklingar sem nýttu sér dagþjálfun í Drafnarhúsi, 16 karlar og 24 konur, það var óvenju lítil hreyfing á því ári samanborið við fyrri ár, 13 innritanir og 14 útskriftir. Frá síðustu áramótum til dagsins í dag hafa 58 einstaklingar nýtt sér þessa þjónustu. Meðaldvalartími 2017 var 21 mánuður, sá sem var lengst var 107 mánuði (tæplega 9 ár) og sá sem var styst var 2,8 mánuði. Meðalbiðtími eftir að komast að í Drafnarhús árið 2017 voru 12 mánuðir. Ástand einstaklinga er metið hverju sinni, sumir bíða skemur á meðan aðrir bíða lengur.

Í dag eru 26 Hafnfirðingar sem eru í *forgangi 1* í bið eftir að komast að í Drafnarhúsi og fjórir eru í *forgangi 2*. *Forgangur 1* eru þeir einstaklingar sem eru tilbúnir til að koma í dagþjálfun en *forgangur 2* eru þeir sem eru ekki tilbúnir til að þiggja pláss, hafa afþakkað en aðstandendur vilja að þeir séu á biðlista áfram.

Bið eftir hjúkrunarrými hefur lengst milli ára og þurfa þjónustupegar Drafnarhúss oft á tíðum að fara á LSH og bíða þar eftir varanlegri vistun á Vífilsstöðum eða á Akranesi. Í samtali við forstöðumann Drafnarhúss kom fram að fleiri úrræði vanti fyrir þennan hóp fólks í Hafnarfirði t.d. fleiri dagþjónusturými auk sambýlis fyrir fólk með heilabilun þar sem stæði til boða dagleg virkni, útivera og fleira.

Samantekt

Í Hafnarfirði er samþykkt fyrir 40 almennum dagþjálfunar rýmum á sama tíma og alls 80 manns eru á bið eftir slíkri þjónustu. Í bæjarfélaginu er samþykkt fyrir 22 dagþjálfunar rýmum fyrir heilablaða einstaklinga og alls 30 einstaklingar eru á bið eftir slíkri þjónustu.

15. ágúst 2018

Guðrún Frímannsdóttir,

Deildarstjóri stoðþjónustu



HAFNARFJÖRÐUR